

LITLI TÓNSPROTINN
HEIMSÓKN Í DÝRAGARÐINN

Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Örn Árnason, sögumaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

Tónleikar í Háskólabíói 6. febrúar 2010 kl. 14:00

Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Örn Árnason, sögumaður

HEIMSÓKN Í DÝRAGAÐINN

Camille Saint-Saëns

Karnival dýranna

Inngangur
Konunglegur mars ljónsins
Hænur og hanar
Vilttir asnar
Skjaldbakan
Fíllinn
Kengúrurnar
Fiskabúr
Fólk með stór eyru
Gaukurinn
Fuglar
Píanókennarinn
Steingervingar
Svanurinn
Niðurlag

Hlé

Francis Poulenc

Sagan af fílnum Babar

*Á undan tónleikunum leikur Léttisveit Tónlistarskóla Seltjarnarness
í anddyri undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar.*



Tónleikarnir eru hljóðritaðir
og verða sendir út síðar á Rás 1.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímunum
á meðan tónleikum stendur.




Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði frá 2004-2007 framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel vinnur jöfnum höndum sem hljómsveitarstjóri og tónskáld með ýmsum listamönnum og hljómsveitum, m.a. við Íslensku óperuna. Daníel er einn af stofnendum kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur verið listrænn stjórnandi og hljómsveitarstjóri hennar frá upphafi.

Daníel gekk nýverið til liðs við plötufyrirtækið Bedroom Community og kom fyrsti diskurinn með verkum hans út nú fyrir skömmu. Á honum er meðal annars að finna píanókoncertinn *Processions*, sem hann samdi fyrir Víking Heiðar Ólafsson og þeir frumfluttu ásamt SÍ á Myrkum músíkdögum 2009 við afbragðs undirtektir.




Örn lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1982 og var fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið í nokkur ár. Þar lék hann mörg eftirminnileg hlutverk eins og Lilla í **Dýrunum í Hálsaskógi**, og Jónatan og Jesper í **Kardemommubænum**. Örn hefur einnig talsett fjölda teiknimynda bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús auk þess sem hann var einn stofnenda talsetningarfyrirtækisins Hljóðsetning. Örn hefur unnið við sjónvarpsþáttagerð um margra ára skeið og má þar nefna þættina um Afa, Imbakassann og hina sívinsælu Spaugstofu. Hann hefur einnig lesið inn á plötur með sígildri tónlist fyrir börn sem Smekkleysa gefur út, meðal annars bæði verkin sem heyrast á tónleikunum í dag.



Myndasýning

Í vikunni flutti SÍ söguna af Babar fyrir yfir 2600 börn í 1.-3. bekk og voru þau beðin að myndskreyta söguna. Afraksturinn má sjá á sýningu í anddyri Háskólabíós.



Franska tónskáldið Camille Saint-Saëns var á hátindi frægðar sinnar þegar hann samdi „dýragarðsævintýrið“ Karnival dýranna í sumarleyfi sínu árið 1886. Verkið var hugsað til einkaflutnings, samið fyrir 13 hljóðfæra kammerhóp, þótt nú sé það oft flutt með stærri sveit. Tónskáldið hafði hugsað sér að Karnivalið yrði flutt einu sinni og síðan ekki söguna meir, léttúðugur tónsmíðabrandari fyrir innvígða. Hann bannaði frekari flutning á verkinu – að undanskildnum Svaninum sem varð fljótt fleygur um víða veröld – þangað til eftir andlát sitt, og það liðu ekki nema tveir mánuðir frá því að Saint-Saëns

gaf upp öndina þar til verkið hljómaði fyrst á opinberum tónleikum, 26. febrúar 1922.

Inngangur og ljónamars. Urrandi skalar í píanói og strengjum undirbúa tígulega skrúðgöngu ljónanna.

Hænur og hanar. Hér heyrir hanagal og hænukvak, og í leiðinni vitnar Saint-Saëns til frægs sembalverks eftir 18. aldar tónskáldið Rameau, sem nefnist Hænan (*La Poule*).

Villtir asnar. Hér fá píanistarnir tveir heldur betur að spretta úr spori og elta hvor annan upp og niður hljómborðið, kannski án þess að stefna neitt sérstakt?

Skjaldbakan. Eins og allir vita fer skjaldbakan hægt. Hér grínast tónskáldið með að taka fræga *Can-Can* dansinn eftir Jacques Offenbach og hægja á honum svo hann þekkest varla í þunglamalegum meðförnum.

Fíllinn. Hér gerir Saint-Saëns grín að öðru þekktu stykki eftir franskan höfund. *Dans loftandanna* eftir Hector Berlioz er tígulegur og fagur dans, en í hægum meðförum kontrabassans fær tónlistin allt annan blæ.

Kengúrurnar stökkva um víðan völl í meðförum píanóleikaranna.

Fiskabúrið. Píanó og dempaðir strengir túlka fiskana sem synda um í vatninu, og snöggar hreyfingar þeirra heyrast í selestunni.

Fólk með löng eyru. Yfirskrift tónskáldsins er nokkuð óvenjuleg. Rísastökkin í fiðlunum eiga greinilega að lýsa ósnum, en samkvæmt heiti kaflans er mannfólk hér á ferð. Hverjir skyldu vera asnalegustu menn sem fyrirfinnast? Saint-Saëns gaf sjálfur vinum sínum svarið: tónlistargagnrýnendur!

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Í febrúar 1931 lék sellóleikarinn Axel Wold Svaninn úr Karnivali dýranna í hið nýstofnaða íslenska Ríkisútvarp. Emil Thoroddsen lék með á píanó. Karnival dýranna hljómaði í heild í útvarpinu árið 1938 (af hljómplötu, og þá kallað Dýradansinn), en á tónleikum heyrðist það fyrst árið 1964, flutt af Sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Igors Buketoff.

Gaukurinn. Undir hátíðlegum píanóhljómunum heyrast gauksköll úr skóginum.

Fuglar. Hér semur Saint-Saëns ægifagran fuglasöng með flautuna í aðalhlutverki eins og vera ber.

Píanóleikararnir. Saint-Saëns var einn fremsti píanisti síns tíma, en honum þótti greinilega lítið koma til upphitunaræfinganna sem hann og aðrir hafa orðið að þola svo öldum skiptir. Píanistar sem loka sig inni í litlum æfingaherbergjum og spila tónstiga daginn út og inn með misjöfnum árangri – ættu þeir ekki alveg eins heima í dýragarði?

Steingervingar. Hér bregður tónskáldið aftur á leik og gerir góðlátlegt grín að tónlist sem honum þótti úrelt og úr sér gengin. Hann notar stef úr sínum eigin *Dauðadansi* á sílafóninn, klarínettan leikur sér að gömlu frönsku lögunum *Ah! vous dirai-je, Maman* (A, B, C, D á íslensku) og *Au du clair la lune*, en einnig vinsælli aríu eftir Rossini sem Saint-Saëns hafði greinilega lítið álit á: *Una voce poco fa* úr *Rakaranum í Sevilla*.

Svanurinn. Þessi kaffi er sá allra vinsælasti úr verkinu og sá eini sem hefur náð vinsældum á eigin spýtur enda varla hægt að hugsa sér fegurri lýsingu á svani sem líður áfram á lygnum sextándupörtum píanistanna. Í lokakafnanum er svo brugðið á leik með tilvísunum í eldri kaffa. Hvað heyrir þú mörg dýr í síðasta kafnanum?

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrstu Babarsbækurnar komu út í íslenskri þýðingu árið 1957, en Sí flutti verkið áður árið 1995 undir stjórn Bernharðar Wilkinsonar.

FRANCIS POULENC

Sagan af filnum Babar




Sagan af filnum Babar, eftir Jean de Brunhoff, kom fyrst út í Frakklandi árið 1931. Hún sló samstundis í gegn og var gefin út í Bretlandi og Bandaríkjunum skömmu síðar. Eiginkona Brunhoffs, Cecile, hafði upphaflega sagt börnum þeirra sögur á kvöldin áður en þau fóru að sofa, meðal annars um fil sem kom til stórborgarinnar og kynntist þar óvenjulegum síðum mannfólksins. Brunhoff samdi sex sögur til viðbótar áður en hann lést langt fyrir aldur fram árið 1937.

Það var dag einn í Bordeaux meðan síðari heimsstyrjöldin geysaði, að tónskáldið Francis Poulenc heimsótti ættingja sína og settist niður við píanóið. Fjögurra ára gömul frænka hans var ekki þar ánægð með tónlistina sem hann kallaði fram úr hljóðfærinu og rétti honum bókina sína með ævintýrum Babars. „Æ, þetta er svo leiðinlegt. Spilaðu þetta í staðinn!“ Poulenc tók hana á orðinu og spilaði af fingrum fram meðan hann las söguna. Brátt var þessi skemmtidagskrá hans orðin vinsælasta dægrastytting barnanna í hverfinu, enda tileinkaði hann tónverkið frænku sinni í Bordeaux og öllum vinum hennar.

Í tónsmíð sinni dregur Poulenc fram eftirminnilegar myndir í tónum sem falla vel að sögu Brunhoffs. Filarnir eru túlkaðir af básúnu og túbu meðan flautan sér um fuglana; það heyrast marsar og næturljóð, vals og skottís. Verk Poulencs er samið fyrir píanó og sögumann, en annað franskt tónskáld, Jean Francaix, útsetti það fyrir hljómsveit.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Það er óhætt að segja að ævintýrið um litlu tónvísu músina Maxímús Músíkús hafi slegið í gegn hjá ungu kynslóðinni. Bókin með sögu Hallfríðar Ólafsdóttur og teikningum Þórarins Más Baldurssonar hefur selst afar vel og þúsundir barna hafa lagt leið sína í Háskólabíó á ævintýratónleika Maxímúsar. Nú er komið að því að ný saga um Maxímús líti dagsins ljós. Í henni villist hann inn í tónlistarskóla þar sem ungir nemendur leika á hin ýmsu hljóðfæri. Á tónleikunum 17. apríl gefst tónleikagestum í fyrsta sinn tækifæri til að heyra og sjá þessa fallegu sögu, sem er skreytt með tónlist eftir Brahms, Haydn, Jón Leifs og fleiri.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 6. FEBRÚAR 2010

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Joanna Bauer
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marínósdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Herdis Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Lovisa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Jessica Buzbee

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Peter Máté

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

samstarfsaðilar

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann

Í nýju ævintýri um stórstjörnuna Maxímús Músíkús trítlar hann í tónlistarskólann og kynnist börnum sem leika á alls kyns hljóðfæri. Sögumaður er Valur Freyr og Daníel Bjarnason stjórnar hljómsveitinni.

Lau. 17.04.10 » 14:00

Lau. 17.04.10 » 17:00

Miðaverð 1.700 kr.

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma 545 2500



AÐALSTYRKARÆÐLAR

BORGUN

Morgunblaðið